

Á heimasíðu okkar **www.esb.is** getur þú lesið fréttir, pantað upplýsingagæfni og gerst áskrifandi af fréttabréfum okkar.

Fylgstu með því sem er að gerast hjá ESB




Með **ESB** í vasanum



<i>Aðildarríki ESB</i>	Stærð í þús. km²	Fólketalan í milljónum	Athvæðingdæmi í fátækraríkinu
Austurríki	84	8,3	10
Belgía	31	10,5	12
Bretland	244	60,4	29
Búlgaría	111	7,7	10
Danmörk	43	5,4	7
Eistland	45	1,3	4
Finnland	337	5,3	7
Frakkland	544	62,9	29
Grikkland	132	11,1	12
Holland	41	16,3	13
Írland	70	4,2	7
Ítalía	301	58,8	29
Kýpur	9	0,8	4
Lettland	65	2,3	4
Litháen	65	3,4	7
Lúxemborg	3	0,5	4
Malta	0,3	0,4	3
Portúgal	92	10,6	12
Pólland	313	38,2	27
Rúmenía	238	21,6	14
Slóvakía	49	5,4	7
Slóvenía	20	2,0	4
Spánn	505	43,8	27
Svíþjóð	411	9,0	10
Tékkland	79	10,2	12
Ungverjaland	93	10,1	12
Þýskaland	357	82,4	29
Samtals ESB	492,8	345	

<i>Formleg umsóknarríki</i>		
Króatía	57	4,4
Tyrkland	779	72,5
Makedónía, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu	25	2,0

<i>EES/EFTA-lönd</i>		
Ísland	103	0,3
Noregur	324	4,6
Liechtenstein	0,16	0,03



EES en fjórða EFTA landið, Sviss, stendur utan EES. Samstarfið er byggt á fjórfrelsinu svonefnda: frelsi í fólkshlutningum, fjármagnshlutningum, þjónustustarfsemi og vöruhlutningum. Að auki taka löndin þátt í mörgum áætlunum sambandsins t.d. á sviði rannsóka, mennta- og menningarmála. Landbúnaður og sjávarútvegur standa utan samningsins. Ísland og Noregur eru einnig aðilar að Schengen-samstarfinu.

Þrátt fyrir að EES og EFTA löndin hafi átt hlutverk í EES, eru þau löndin ekki aðilar að EES. Þrátt fyrir að EES og EFTA löndin hafi átt hlutverk í EES, eru þau löndin ekki aðilar að EES.

Sú grundvallarregla að sömu reglur skuli gilda alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu hefur í

til samstarfs í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi (t.d. mansali og peningaþvætti) og hryðjuverkum.

Stækkun ESB. ESB hefur veitt þremur löndum stöðu formlegs umsóknarríkis. Þau eru Króatía, Tyrkland og Makedónía, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu. Formlegar aðildarviðræður hafa hafist við Króatíu og Tyrkland. Ríki á vestanverðum Balkanskaga, þ.e. Albanía, Serbía, Bosnía-Hersegóvína og Svartfjallaland hafa öðlast stöðu sem hugsanleg umsóknarríki. Til þess að koma til greina sem aðili að ESB verða ríki að lögfesta alla grunnlöggjöf ESB, búa við virkt lýðræði og markaðshagkerfi og vera réttarríki.

Umhverfismál skipa æ stærri sess innan ESB í gegnum reglugerðir, samvinnu við iðnfyrirtæki, rannsóknir og styrkjakerfi. ESB stendur framarlega í baráttunni gegn áhrifum gróðurhúsalofttegunda og árið 2007 samþykktu aðildarríkin áætlun um 20% niðurskurð á losun gróðurhúsalofttegunda og að 20% af orkunotkun ESB verði í formi endurnýjanlegra orkugjafa fyrir árið 2020.

Orkumál. Markmið ESB er að tryggja öryggi og stöðugleika í framboði á orku, samkeppni á orkumarkaði og sjálfbæra þróun í orkuframleiðslu. Samfara því að þörfin fyrir innflutta orku hefur aukist hefur hlutverk ESB á þessu sviði orðið víðameira. Stofnanir ESB samræma í ríkari mæli samskipti og stefnu aðildarríkjanna við lönd utan ESB á sviði orkumála.

Schengen-samkomulagið felur í sér afnám eftirlits á innri landamærum þáttðökuríkja Schengen, samþættingu eftirlits með ytri landamærum og aukid samstarf lögregluyfivalda. Frá og með 2008 taka 24 ríki þátt í Schengen samstarfinu: 22 ESB ríki auk Íslands og Noregs.

Lissabon-áætlunin frá árinu 2000 miðar að því að gera ESB að samkeppnishæfasta þekkingarhagkerfi í heimi fyrir árið 2010. Framkvæmdastjórn ESB hefur sett aðildarríkjunum ákveðin markmið og viðmið sem leitast er við að ná í áföngum. Áhersla er lögð á aðgerðir til að skapa ný störf, auka fjárfestingu í menntun og nýsköpun, auka samkeppnishæfni í iðnaði og þjónustu og auka atvinnuþátttöku eldra fólks.

Ísland og ESB

Frá árinu 1994 hefur Ísland verið þátttakandi í innri markaði ESB í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Þrjú EFTA lönd, Ísland, Noregur og Liechtenstein eru aðilar að

framboði af matvöru en hún hefur einnig leitt til offramleiðslu. Ýmsar úrbætur voru gerðar á landbúnaðarstefnunni árið 2003. Til dæmis var styrkjakerfinu breytt með því að draga úr framleiðslustyrkjum og auka áherslu á umhverfisvernd, nýsköpun á landsbyggðinni og byggðaþróun.

Sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni er ætlað að stuðla að skynsamlegri nýtingu fiskistofna í sátt við vistkerfi sjávar, tryggja þeim sem við greinina starfa sanngjörn lífskjör, tryggja jafnvægi og stöðugleika á mörkuðum og skila sanngjörnu verði til neytenda. Sjávarútvegsstefnan byggir á sameiginlegri fiskveiðistjórnun, vernd og uppbyggingarstefnu, sameiginlegu markaðsskipulagi og samningum við ríki utan ESB.

Efnahags- og myntbandalagið (EMU) er undirstaða hins sameiginlega gjaldmiðils ESB, evrunnar, sem kom í stað gjaldmiðla þeirra aðildarríkja sem taka þátt í EMU. Evran hefur stuðlað að auknum stöðugleika í gjaldveyrismálum og stöðugu vaxtastigi á evrusvæðinu. Hún hefur einnig auðveldað ferðalög og vísðekipti milli landa. Skilyrði fyrir að geta tekið upp evru sem gjaldmiðil er meðal annars að ríki uppfylli viðmið um verðbólgu, langtímavexti, skuldir hins opinbera og gengisstöðugleika. Öll aðildarríki ESB taka þátt í EMU og 15 þeirra hafa þegar tekið upp evru sem gjaldmiðil. Stefnt er að því að öll nýju aðildarríki ESB taki upp evru um leið og þau uppfylla skilyrðin sem því fylgja.

Sameiginleg utanríkis- og öryggismála-stefna varð hluti af samstarfi ESB með Maastricht-sáttmálanum. Samstarfið var styrkt enn frekar með Amsterdam-sáttmálanum og árið 1999 var sett á fót embætti talsmanns sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunnar sem Javier Solana hefur gegnt allar götur síðan. Komið hefur verið á fót 15 smærri herdeildum sem hægt er að senda með skjótum fyrirvara til að stilla til friðar á átakasvæðum og til að sinna friðargæsluverkefnum.

Samstarf á sviði innanríkis- og dómsmála verður sífellt mikilvægari þáttur í starfi ESB, einkum í ljósi þróunar innri markaðarins og með auknu frelsi, t.d. í fólks- og fjármagnshlutningum. Samstarfið nær til þriggja megin svæða: Í fyrsta lagi til samstarfs um málefni innflytjenda og hælsisleitenda, í öðru lagi til aukins samstarfs dómstóla sem m.a. felur í sér að úrskurðir dómstóla í einu ESB landi (t.d. í forræðismálum) eru viðurkenndir í öðrum ESB löndum og í þriðja lagi

- Evrópuþingið fær aukin völd. Ákvarðanatökuferli þar sem Evrópuþingið hefur jöfn tækifæri á við ráðherraráðið til að móta nýja löggjöf, s.k. samákvörðunarferli (co-decision procedure) mun ná til fleiri mála en áður.
- Þjóðþing aðildarríkjanna fá aukin tækifæri til áhrifa. Þjóðþing munu fá 8 vikur til að koma á framfæri athugasemdum við fyrirhugaða nýja ESB löggjöf, ef þau telja að ESB sé að fara inn á verksvið aðildarríkjanna (og brjóta nálægðarregluna).
- Yfirþjóðlegt samstarf mun í auknum mæli ná til innanríkis- og dómsmála en hingað til hefur það samstarf að mestu verið í formi milliríkjasamstarfs, þar sem ríki hafa getað beitt neitunarvaldi.

Leiðtogar aðildarríkjanna undirrituðu hinn nýja sáttmála ESB í Lissabon í desember 2007. Áður en hann getur tekið gildi þarf samþykki aðildarríkjanna, annaðhvort í þjóðaratkvæðagreiðslu eða á þjóðþingi. Ef sáttmálinn hlýtur samþykki aðildarríkjanna er reiknað með að hann geti tekið gildi á árinu 2009, sama ár og kosið verður til Evrópuþings og skipað verður í nýja framkvæmdastjórn ESB.

Nokkur helstu málefnasvið ESB

Innri markaðurinn er svæði þar sem frelsi ríkir í fólkshlutningum, fjármagnshlutningum, vöruhlutningum og þjónustustarfsemi. Einnig gilda sameiginlegar reglur um framleiðsluvörur, neytendavernd, ríkisstyrki og samkeppni. Stöðugt er verið að styrkja og þróa innri markaðinn. Allir aðilar á innri markaðnum eiga að lúta sameiginlegum leikreglum. Enginn á að geta einokað markaðinn eða misnotað markaðsráðandi stöðu sína til að draga úr samkeppni eða stjórna vöruverði. Niðurgreiðslur frá einstökum ríkjum eru takmarkaðar með það að markmiði að koma í veg fyrir rökun á eðlilegri samkeppni.

Byggða- og svæðastefna ESB tekur til sín um þriðjung allra útgjalda sambandsins. Fjármunirir fara í svæðisbundin átaksverkefni sem miða að því auka jöfnuð milli svæða í Evrópu. Dæmi um verkefni eru uppbygging samgöngumannvirkja, þróun á skipulagi borga og bætt aðgengi fatlaðra.

Sameiginlega landbúnaðarstefnan er einn stærsti útgjaldaliðurinn í fjárlögum ESB. Markmið stefnunnar er að tryggja bændum viðunandi afkomu og neytendum sanngjarnt vöruverð. Landbúnaðarstefnan hefur stuðlað að stöðugu

Hvað er ESB?


Grunnurinn að Evrópusambandinu (ESB) var lagður skömmu eftir seinni heimsstyrjöld. Markmiðið var að koma í veg fyrir að ríki Evrópu færu í stríð hvert við annað á ný.

ESB er frábrugðið öðru alþjóðlegu samstarfi á margan hátt, einkum hvað varðar hvernig ákvarðanir eru teknar. Aðildarríkin hafa byggt upp sameiginlegar stofnanir og réttarkerfi sem leysir úr deilumálum og tryggir að sameiginlegum ákvörðunum sé framfylgt.

Evrópusambandið hefur tekið miklum breytingum í gegnum árin. Efnahagsleg samvinna var og er ein helsta drifkraftur sambandsins. Náin pólitísk samvinna fylgdi fljótt í kjölfar efnahagslegrar samvinnu og sú samvinna hefur aukist eftir því sem aðildarríkjum hefur fjölgað. Markmiðið er að Evrópusamband með 27 aðildarríki (núverandi fjöldi) eða fleiri geti starfað á virkan, árangursríkan og lýðræðislegan hátt.

Fjárlög ESB

Fjárlög ESB fyrir árið 2007 hljóðuðu upp á 126,5 milljarða evra. Það er um 1% af vergrí þjóðarframleiðslu ríkjanna og um 235 evrur á hvern íbúa.



Ákvarðanatata í ESB

Í sáttmálum ESB er kveðið á um valdsvið sambandsins. Samþykki allra aðildarríkjanna þarf til að breyta sáttmálum ESB, stofnanaupbyggingu og skipulagi ákvarðanatöku. Á sumum sviðum, til dæmis í málefnum innri markaðarins, í samkeppnismálum og landbúnaðarmálum er samkomulag um að setja sameiginleg lög og reglur. Á öðrum sviðum, t.d. í umhverfismálum, eru lágmarksviðmið algengari. Þá er löndunum í sjálfvald sett hvernig þau ná fram markmiðum og hvort þau setja strangari reglur. Ein af grunnreglum ESB er að ekki skuli taka ákvarðanir á hærra stigi stjórnkerfisins en nauðsynlegt er. Þessi regla er kölluð nálægðarreglan.

Ákveðnir málaflokkar standa fyrir utan valdsvið Evrópusambandsins. Það á til dæmis við um tekjuskatt og velferðarmál. Í málaflokkum eins og mennta- og menningarmálum rekur ESB styrkjaáætlanir sem ætlað er að styðja við bakið á aðildarríkjunum og hvetja til samstarfs þeirra á milli.

Um nokkrar tegundir sameiginlegra ESB laga og reglna er að ræða:

- Reglugerðir (regulations): Löggjöf sem tekur gildi þegar í stað í aðildarríkjunum og ekki þarf að innleiða sérstaklega í landsrétt.
- Tilskipanir (directives): Er beint til aðildarríkjanna og eru bindandi þannig að uppfylla verður markmið en ríkin ákveða sjálf með hvaða hætti.
- Ákvarðanir (decisions): Gilda í einstökum málum og eru bindandi fyrir þá sem hlut eiga að máli.
- Tilmæli (recommendations) og álit (opinions): eru ekki bindandi heldur aðeins til viðmiðunar.

Stofnanir ESB

Evrópuþing (**European Parliament**) er stærsta fjölþjóðlega þing í heimi. Íbúar aðildarríkjanna kjósa til Evrópuþingsins á fimm ára fresti. Þingmennirnir 785 koma að lagasetningu, samþykkingu eða fella fjárlög, veita samþykki fyrir aðild nýrra ríkja að ESB og geta haft umtalsverð áhrif á störf framkvæmdastjórnar ESB. Þegar ný lög eru samþykkt af Evrópuþinginu er algengast að það gerist með samákvörðunarferlinu. Í því ferli hefur Evrópuþingið jöfn tækifæri á við ráðherraáð ESB til að móta nýja löggjöf og getur hafnað tillögum frá ráðinu. Þingið kemur reglulega saman í Strassborg og Brussel. Síðast var kosið til Evrópuþingsins árið 2004 og næstu kosningar verða árið 2009.

Leiðtogaaráðið (European Council) er skipað forsetum og/eða forsætisráðherra aðildarríkjanna og forseta framkvæmdastjórnar ESB. Leiðtogaaráðið er drifkrafturinn í hinu pólitíska samstarfi ríkjanna. Það hefur ekki löggjafarvald en tekur stefnumótandi ákvarðanir í mikilvægustu og stærstu pólitísku málunum og útkljár mál ef samstaða næst ekki í ráðherraáðinu.

Ráðherraáðið (Council of Ministers) fer með löggjafarvald ásamt Evrópuþinginu. Ráðið er skipað einum ráðherra frá hverju aðildarríki og ræðst það af efnisviðinu hverju sinni hvaða ráðherra sitja fundi þess. Ef t.d. fjallað er um sjávarútvegsmál sitja sjávarútvegsráðherra fundinn. Ákvarðanir eru ýmist teknar með auknum meirihluta, einföldum meirihluta eða með einróma samþykki. Fjöldi ákvarðana sem teknar eru með auknum meirihluta hefur aukist á undanförunum árum en margar mikilvægar ákvarðanir eru ennþá teknar með einróma samþykki. Þegar um aukinn meirihluta er að ræða hafa aðildarríkin ólíkt atkvæðavægi sem tekur mið af íbúafjölda þeirra. Formennska í

ráðherraáðinu flyst milli aðildarríkjanna tvisvar á ári og gegnir hvert ríki formennsku sex mánuði í senn.

Framkvæmdastjórn ESB (European Commission) fer með framkvæmdavald innan ESB og hefur eftirlit með að ákvörðunum ráðherraáðsins og Evrópuþingsins sé framfylgt í aðildarríkjunum. Einnig hefur hún frumkvæðisrétt að nýrri lagasetningu sem felur í sér að hún ber ábyrgð á að móta og leggja tillögur að nýjum lögum fyrir Evrópuþingið og ráðherraáðinu. Framkvæmdastjórnin er skipuð 27 framkvæmdastjórum, einum frá hverju aðildarríki, sem ríkin tilnefna og Evrópuþingið þarf að leggja blessun sína yfir. Framkvæmdastjórnin sitja í 5 ár í senn og bera ábyrgð á tilteknum málaflökki, svipað og ráðherra gera í ríkisstjórnunum. Framkvæmdastjórnin er oft hreyfiðlið á bak við ýmis stefnumarkandi mál. Rúmlega 26.000 starfsmenn starfa hjá framkvæmdastjórninni.

Evrópuðómstóllinn (Court of Justice of the European Communities) hefur aðsetur í Lúxemborg. Hlutverk hans er að túlka sáttmála og löggjöf ESB og vera ráðgefandi fyrir dómstóla aðildarríkjanna. Dómstóllinn getur fellt dóma í öllum þeim málum er falla undir sameiginlega löggjöf og reglur ESB og getur kveðið dóm yfir einstaklingum, fyrirtækjum og yfirvöldum. Í dómstólunum sitja 27 dómárar, einn frá hverju aðildarríki, og eru þeir skipaðir til 6 ára í senn.

Seðlabanki Evrópu (European Central Bank) sem staðsettur er í Frankfurt í Þýskalandi fer með peningamálaáhrifum þeirra ESB ríkja sem eiga aðild að myntbandalaginu. Seðlabankinn fylgir gengisáhrifum sem ætlað er að stuðla að lágru verðbólgu og getur bankinn aðlagð vaxtastig sitt til þess að ná því markmiði.

Ráðgefandi stofnanir

Efnahags- og félagsmálanefndin (Economic and Social Committee) er ráðgefandi aðili sem er fulltrúi fyrir vinnuveitendur, stéttarfélag og aðra hagsmunahópa í atvinnulífinu.

Svæðanefndin (Committee of the Regions) er skipuð fulltrúum sveitastjórna og svæðisbundinna yfirvalda og fjallar um málefni þessara stjórnsýslustiga.

Endurskoendadómstóllinn (European Court of Auditors) hefur eftirlit með fjármálum ESB og úthlutun fjárlaga.

Umboðsmaðurinn (European Ombudsman) tekur við kvörtunum frá borgurum ESB landsa sem telja á sér brotið af stofnunum ESB.

Réttargrunnur ESB

Rómarsáttmáli frá 1957 lagði grunninn að nánú efnahagslegu samstarfi milli aðildarríkjanna. Tollar, gjöld og kvóta á viðskipti milli ríkjanna voru felldir niður og komið var á sameiginlegu tollbandalagi gagnvart ríkjum utan sambandsins. Sameiginlegri landbúnaðarstefnu og samkeppnistefnu var komið á fót en ýmsum markmiðum sáttmálans var þó ekki fyllilega náð fyrr en með tilkomu innri markaðarins árið 1993.

Einingarlögin frá 1986 settu fram áætlun um stofnun innri markaðar ESB og gerðu ráðherraáðinu kleift að taka fleiri ákvarðanir með auknum meirihluta.

Maastricht-sáttmáli, sem undirritaður var árið 1992, mælti fyrir um auknið pólitískt og efnahagslegt samband, frekari útfærslu innri markaðarins og stofnun sameiginlegs seðlabanka og gjaldmiðils. Samstarf var auknið m.a. í umhverfismálum, menningar- og menntamálum og rannsóknunum. Völd Evrópuþingsins voru aukin og

ákveðið að fleiri ákvarðanir í ráðherraáðinu krefðust einungis aukins meirihluta. Nálægðarreglan var sett inn í sáttmálann og þannig fest í sessi. Sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum var komið á fót og samstarf auknið á sviði innanríkis- og dómsmála.

Amsterdam-sáttmáli tók gildi 1. maí 1999. Evrópuþingið fékk auknið löggjafarvald. Á enn fleiri sviðum fékk ráðherraáðið umboð til að taka ákvarðanir með auknum meirihluta í stað einróma samþykkis. Staða forseta framkvæmdastjórnarinnar var styrkt. Einnig var opnað fyrir þann möguleika að einstök ríki gætu tekið upp nánara samstarf á ákveðnum sviðum en þess endilega að öll aðildarríkin tækju þátt.

Nice-sáttmáli var undirritaður í desember 2000. Með honum var samþykkt nýtt atkvæðavægi í ráðherraáðinu, fjöldi ákvarðana með auknum meirihluta var aukinn og ákveðið að hámarksfjöldi framkvæmdastjóra ESB yrði 27, óháð því hvort aðildarríki yrðu fleiri en 27.

Réttindaskrá ESB tryggir réttindi allra borgara ESB lands gagnvart stofnunum og löggjöf sambandsins. Hún var viðurkennd sem pólitísk yfirlýsing í Nice árið 2000 og vísað er til hennar í drögum að nýjum sáttmála ESB sem reiknað er að hafa fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Þessi breyting kemur til framkvæmda árið 2014.

■ Breytt atkvæðavægi ríkja og breytt atkvæðagreiðsla í ráðherraáði ESB. Atkvæðavægi mun breytast þannig að það endurspeglir betur íbúafjölda ríkjanna. Auk þess mun s.k. tvöfaldr meirihluti koma í stað aukins meirihluta. Það felur í sér að til að meirihluti náist í ráðherraáðinu, þarf 55% aðildarríkja, með 65% af samanlögðum fólksfjölda sambandsins á bak við sig, að samþykkingu tillöguna. Þetta nýja atkvæðagreiðsluferfi kemur ekki til framkvæmda fyrr en 2014.

■ Leiðtogaáð ESB fær forseta sem kosinn verður til 2,5 árs í senn.

■ Evrópusambandið fær einn sameiginlegan talsmann í utanríkisráðgjöf sem leysir af hólmi þá tvo aðila sem nú fara með utanríkisráðgjöf ESB, annars vegar framkvæmdastjóra utanríkisráða (Benita Ferrero-Waldner) og hins vegar talsmann utanríkis- og öryggismála hjá ráðherraáði ESB (Javier Solana).

■ Framkvæmdastjórn ESB færkar. Í stað þess að aðildarríkin hafi hvert sinn framkvæmdastjóra, verður fjöldi þeirra á hverjum tíma 2/3 af fjölda aðildarríkja. Löndin skiptast á að hafa fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Þessi breyting kemur til framkvæmda árið 2014.

■ Breytt atkvæðavægi ríkja og breytt atkvæðagreiðsla í ráðherraáði ESB. Atkvæðavægi mun breytast þannig að það endurspeglir betur íbúafjölda ríkjanna. Auk þess mun s.k. tvöfaldr meirihluti koma í stað aukins meirihluta. Það felur í sér að til að meirihluti náist í ráðherraáðinu, þarf 55% aðildarríkja, með 65% af samanlögðum fólksfjölda sambandsins á bak við sig, að samþykkingu tillöguna. Þetta nýja atkvæðagreiðsluferfi kemur ekki til framkvæmda fyrr en 2014.

væri raunhæft að halda til streitu áætlunum um nýjan stjórnarskrársáttmála. Þess í stað komust ríkin að samkomulagi um drög að nýjum og endurskoðuðum sáttmála sem myndi leysa áætlanir um stjórnarskrársáttmála af hólmi.

Meginhlutverk hins nýja sáttmála er að skýra betur valdsvið ESB, auðvelda ákvarðanatöku í tilteknum málaflökum og gera ESB sýnilegra á alþjóðavettvangi og betur í stakk búið til að takast á við krefjandi alþjóðleg viðfangsefni.

Helstu atriði í drögum að nýjum sáttmála eru eftirfarandi:

- Leiðtogaáð ESB fær forseta sem kosinn verður til 2,5 árs í senn.
- Evrópusambandið fær einn sameiginlegan talsmann í utanríkisráðgjöf sem leysir af hólmi þá tvo aðila sem nú fara með utanríkisráðgjöf ESB, annars vegar framkvæmdastjóra utanríkisráða (Benita Ferrero-Waldner) og hins vegar talsmann utanríkis- og öryggismála hjá ráðherraáði ESB (Javier Solana).
- Framkvæmdastjórn ESB færkar. Í stað þess að aðildarríkin hafi hvert sinn framkvæmdastjóra, verður fjöldi þeirra á hverjum tíma 2/3 af fjölda aðildarríkja. Löndin skiptast á að hafa fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Þessi breyting kemur til framkvæmda árið 2014.
- Breytt atkvæðavægi ríkja og breytt atkvæðagreiðsla í ráðherraáði ESB. Atkvæðavægi mun breytast þannig að það endurspeglir betur íbúafjölda ríkjanna. Auk þess mun s.k. tvöfaldr meirihluti koma í stað aukins meirihluta. Það felur í sér að til að meirihluti náist í ráðherraáðinu, þarf 55% aðildarríkja, með 65% af samanlögðum fólksfjölda sambandsins á bak við sig, að samþykkingu tillöguna. Þetta nýja atkvæðagreiðsluferfi kemur ekki til framkvæmda fyrr en 2014.

(SNÚA BLABINU)



1950 Robert Schumann, franskri utanríkisráðgjafarinn, leiddur til að stofnað verði kola- og stálbandalag í Evrópu.	1952 Belgía, Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg og Holland stofna með sér Kola- og stálbandalag Evrópu.	1957 Rómarsáttmáli (sáttmáli um stofnun Evrópubandalags) er undirritaður af löndunum sex í Kola- og stálbandalaginu.	1960 Danmörk, Noregur, Portúgal, Bretland, Sviss, Svíþjóð og Austurríki stofna Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA.	1973 Danmörk, Írland og Bretland fá aðild að Evrópubandalaginu.	1979 Evrópska mynteiningin (ECU) verður til. Fyrstu beinu kosningar til Evrópuþingsins eru haldnar.	1981 Grikkland fær aðild að Evrópubandalaginu.	1986 Í Einingarlögnum var sett fram áætlun um stofnun innri markaðarins. Portúgal og Spánn fá inngöngu í bandalagið.	1991 Evrópubandalagið og EFTA löndin semja um Evrópskt efnahagssvæði (EES).	1992 Maastricht-sáttmáli um stofnun Evrópusambands (ESB) undirritaður. EES samningurinn undirritaður. Austurríki, Finnland, Noregur, Sviss og Svíþjóð sækja um aðild að ESB.	1993 Innri markaðurinn verður að veruleika.	1994 EES-samningurinn gengur í gildi. Norðmenn hafa aðild að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu.	1995 Austurríki, Finnland og Svíþjóð fá inngöngu í ESB.	1997 Amsterdam-sáttmáli undirritaður.	1999 Efnahags- og myntbandalagið er sett á laggrind. Evran tekinn upp sem raflænn gjaldmiðill.	2000 Réttindaskrá ESB samþykkt sem pólitísk yfirlýsing. Nice sáttmáli ESB samþykktur í leiðtogaáðinu. Alþingi samþykkir aðild Íslands að Schengensamstarfinu.	2002 Fyrsta evrumynt og -seðlar prentaðir. Ráðstefnan um framtíð Evrópu og stjórnarskrársáttmála hefst.	2004 Eistland, Kýpur, Lettland, Lítháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland fá inngöngu í ESB.	2007 Búlgaría og Rúmenía fá inngöngu í ESB. Slóvenía tekur upp evru. Nýr ESB sáttmáli undirritaður í Lissabon af leiðtogum ESB ríkja.	2008 Aðildarríkjum Schengen fjólgar úr 15 í 24 með aðild 9 af þeim 10 ríkjum sem gengu í ESB 2004. Kýpur og Malta taka upp evru.
---	---	---	--	--	--	---	---	--	---	--	--	--	--	---	--	--	---	--	---